

Ár 2010, þriðjudaginn 23. febrúar 2010, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrínu Zoëga, Jakobi R. Möller og Jónasi Þór Guðmundssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra Austurhafnar-TR ehf.

I.

Fullskipað kjararáð hefur í dag kveðið upp úrskurð nr. 2010.4.001 um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með lögum nr. 87/2009 bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Meðal þeirra er framkvæmdastjóri Austurhafnar-TR ehf., en hlutafélagalögum nr. 2/1995 var breytt með fyrrnefndum lögum þannig að kjararáð ákveður nú laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins. Með þessum úrskurði tekur þriggja manna kjararáð ákvörðun um launakjör framkvæmdastjóra Austurhafnar-TR ehf. og byggist hún á þeim almennu forsendum sem ákveðnar eru í úrskurði fullskipaðs kjararáðs. Ber því að líta á úrskurðina sem eina heild.

II.

Kjararáð skrifaði framkvæmdastjóra og stjórn Austurhafnar-TR ehf. bréf 26. október 2009 og gaf þeim kost á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið auk þess sem óskað var eftir ítarlegum upplýsingum um öll núverandi starfskjör, þar með talin hlunnindi, svo sem bifreiða- og aksturshlunnindi, sérstakar greiðslur í lífeyrissjóð o.þ.h. Auk þess var óskað eftir upplýsingum um öll launuð aukastörf. Í bréfunum voru kynntar helstu breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 87/2009 á lögum um kjararáð og á hlutafélagalögum nr. 2/1995. Sérstaklega var óskað eftir afriti af ráðningarsamningi eða erindisbréfi. Fjármálaráðuneyti var skrifað sama dag og gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið.

Formaður stjórnar svaraði með bréfi dagsettu 9. nóvember 2009. Bréfinu fylgdi ráðningarsamningur forstjóra. Í bréfinu sagði að Austurhöfn-TR ehf. væri í eigu ríkisins og Reykjavíkurborgar og væri hlutur ríkisins 54% en Reykjavíkurborgar 46%. Austurhöfn-TR ehf. ætti nú dótturfélögin Portus og Situs, en Portus með sínum dótturfélögum mundi sjá um byggingu og rekstur Tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar. Auk mánaðarlauna framkvæmdastjóra greiddi félagið 10% framlag í séreignalífeyrissjóð. Væru laun fyrir ómælda yfirvinnu, sem hefði verið mikil, innifalin í föstum launum. Vegna aðstæðna hefðu laun framkvæmdastjórans verið lækkuð um 10% 1. desember 2008. Auk launa hefði hann fastan bifreiðastyrk. Hann hefði afnot af farsíma og hefði sér að kostnaðarlausu tölvutengingu á heimili sínu.

Auk þess sem áður getur og fram kom í bréfi stjórnarformanns kom fram í ráðningarsamningi að félagið greiddi 8% af launum í lífeyrissjóð sem framkvæmdastjóri óski eftir auk 10% framlags í séreignasjóð. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er þrjú mánuðir.

Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 16. nóvember 2009. Í því komu ekki fram sérstök sjónarmið um laun og starfskjör framkvæmdastjórans.

Með bréfi dagsettu 18. janúar 2010 kynnti kjararáð framkvæmdastjóra Austurhafnar-TR ehf. drög að fyrirhuguðum úrskurði um almennar forsendur ákvörðunar um laun og fyrirhugaða ákvörðun um laun hans og önnur starfskjör og gaf honum kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri við ráðið. Athugasemdir bárust ekki.

Kjararáð sendi framkvæmdastjóranum bréf dagsett 9. febrúar 2010 og gaf honum kost á að koma frekari sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri við ráðið. Bréfinu fylgdi rök-

stuðningur kjararáðs fyrir fyrirhugaðri ákvörðun um launakjör þar sem meðal annars kom fram við hvað hún væri miðuð. Athugasemdir bárust ekki.

III.

Vorið 2002 var undirritað samkomulag milli íslenska ríkisins og og Reykjavíkurborgar um byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar í Reykjavík. Í samningnum var m.a. kveðið á um að um einkaframkvæmd væri að ræða, en í því felst að einkaaðili annast jafnt hönnun, byggingu, fjármögnun og rekstur mannvirkjanna. Einnig var þar kveðið á um byggingu alþjóðlegs hótels sem reist yrði og rekið af sama aðila. Í framhaldinu stofnuðu ríki og borg einkahlutafélagið Austurhöfn-TR ehf. til þess að hrinda þessu umfangsmikla verkefni í framkvæmd. Hluti ríkisins í félaginu er 54% og Reykjavíkurborgar 46%. Vorið 2006 var samið við Portus hf. sem var í eigu Landsafls hf. og Nýsis hf. um hönnun, byggingu og rekstur tónlistarhúss, ráðstefnumiðstöðvar og hótels (TRH) í Reykjavík.

Pegar bakhjarlar félaganna Portusar og Situsar, sem höfðu með höndum uppbyggingu tónlistar- og ráðstefnuhússins og byggingarrétt á lóðunum í kring, lögðu upp laupana í kjölfar fjármálakreppunnar haustið 2008 urðu ríki og borg sammála um að halda áfram framkvæmdum við byggingu hússins og var ákveðið að Austurhöfn-TR ehf. tæki verkefnið yfir. Í mars 2009 eignaðist Austurhöfn-TR ehf. félögin Portus og Situs og munu þessi félög ljúka byggingu hússins og er gert ráð fyrir að það verði í febrúar 2011.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Með lögum nr. 148/2008 var kjararáði falið, án tillits til fyrri lögmæltra viðmiða, að kveða upp úrskurð fyrir árslok 2008 er fæli í sér 5–15% launalækkun alþingismanna og ráðherra er gilti frá 1. janúar 2009. Til ársloka 2009 skyldi ráðinu óheimilt að endurskoða úrskurðinn til hækkunar. Jafnframt skyldi kjararáð endurskoða kjör annarra til samræmis. Svohljóðandi málsliður bættist við 8. gr. laganna með breytingu sem gerð var á lögum um kjararáð með lögum nr. 87/2009: „Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra skv. 3. gr.“ Föst laun forsætisráðherra eru nú 935.000 krónur á mánuði. Síðast var lögum um kjararáð breytt með lögum nr. 127/2009 en í þeim segir að til nóvemberloka 2010 sé óheimilt að endurskoða til hækkunar úrskurði sem kveðnir höfðu verið upp á grundvelli laga nr. 148/2008. Við endurskoðun eða ákvörðun kjara annarra aðila sem heyra undir ráðið skuli gætt innbyrðis samræmis eftir því sem framast sé unnt og að virtum ákvæðum 8. gr. laga nr. 47/2006.

Með þeim breytingum, sem að ofan greinir, á skipulagi ákvarðana um launakjör þeirra sem heyra undir kjararáð hefur, eins og fram kemur í úrskurði nr. 2010.4.001 um almennar forsendur, verið raskað því fyrirkomulagi og viðmiðum sem tilgreind voru í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 eins og þau upphaflega voru. Kjararáð verður samkvæmt 8. gr. eins og hún nú er fyrst og fremst að miða við föst laun forsætisráðherra og þær ákvarðanir sem Alþingi tók um lækkun launa þeirra sem hafa heyrt undir ákvörðunarvald ráðsins. Af þessu leiðir einnig, að svo geti í auknum mæli farið að æðsti stjórnandi hlutafélags eða stofnunar í

eigu ríkisins verði ekki með hæst laun starfsmanna, en við því hefur kjararáð engin úrræði. Fyrirvaralaus ákvæði laga nr. 148/2008 og 87/2009 hafa í reynd afnumið meginefni 8. gr. laga um kjararáð.

Þeir sem heyra undir ákvörðunarvald kjararáðs taka laun samkvæmt launaflokkum 123 til 142, að forseta Íslands og forsætisráðherra undanskildum. Mánaðarlaun í launaflokki 123 eru 458.224 krónur, í launaflokki 140 806.230 krónur og í launaflokki 142 862.207 krónur. Í launaflokkum 140 til 142 eru hæstaréttardómarar, ríkissáttasemjari, ríkisendurskoðandi, rektor Háskóla Íslands, vegamálastjóri, skrifstofustjóri Alþingis og ráðuneyttisstjórar. Auk mánaðarlauna fá þessir embættismenn greitt fyrir yfirvinnu og álag í formi eininga, 6 til 24 einingar á mánuði, forseti Hæstaréttar mest, en aðrir mest 18 einingar. Einingafjöldi til viðbótar mánaðarlaunum í launaflokkum 123 til 142 er almennt á bilinu 0-20.

Við ákvörðun mánaðarlauna framkvæmdastjóra Austurhafnar-TR ehf., þ.e. fastra launa fyrir dagvinnu, hefur kjararáð meðal annars tekið mið af mánaðarlaunum forstjóra Framkvæmdasýslu ríkisins og forstöðumanns Fasteigna ríkissjóðs, en þeir eru í launaflokki 133. Þá hefur kjararáð við ákvörðun einingafjölda gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun lækki óhóflega. Þetta leiðir til tímabundins ósamræmis við laun þeirra sem hafa heyrt undir kjararáð, en búast má við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir það heyra eftir 1. desember 2010 eins og nánar er gerð grein fyrir í úrskurði nr. 2010.4.001.

Vakin er athygli á því að í úrskurði nr. 2010.4.001 um almennar forsendur segir að kjósi framkvæmdastjóri að halda bifreiðahlunnindum samkvæmt ráðningarsamningi, þar með töldum greiðslum sem miðast við tiltekinn fjölda ekinna kílómetra, skuli verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra dragast frá heildarlaunum sem kjararáð ákveður og fram koma í ákvörðunarorði. Jafnframt segir að laun séu ákveðin miðað við lífeyrisréttindi í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og sé miðað við að verðmæti iðgjalds launagreiðanda sé 20% af heildarlaunum. Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en LSR, að séreignasjóði meðtöldum, herra eða lægra en 20% af launum skulu heildarlaun, sem ákveðin verða af þriggja manna kjararáði, hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur. Sama á við ef greitt er meira eða minna en 2% af launum í séreignasjóð fyrir félagi í LSR, sjá nánar kafla VIII í úrskurði nr. 2010.4.001. Þá skulu greiðslur fyrir fastlínusíma á heimili framkvæmdastjóra dragast frá heildarlaunum sem fram koma í ákvörðunarorði.

Eins og fram kemur í IX. kafla úrskurðar kjararáðs nr. 2010.4.001 um almennar forsendur taka ákvarðanir ráðsins gildi frá ákvörðunardegi nema annað sé sérstaklega tekið fram í einstökum ákvörðunum.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001, sem gilda um laun og starfskjör framkvæmdastjóra Austurhafnar-TR ehf.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. mars 2010 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra Austurhafnar-TR ehf. vera samkvæmt launaflokki 502-133, nú 638.033 krónur. Að auki skal greiða honum 40 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-126, nú 5.058 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, að séreignasjóði meðtöldum, herra eða lægra en 20% af launum skulu heildarlaun sem hér eru

ákveðin hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur. Sama á við sé greiðsla í séreignasjóð sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins meiri en 2%.

Kjósi framkvæmdastjóri Austurhafnar-TR ehf. að halda bifreiðahlunnindum sínum skal draga verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör framkvæmdastjórans gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Ákvörðun þessi gildir fyrir þann sem nú gegnir starfi framkvæmdastjóra Austurhafnar-TR ehf.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson